

**Nd.**

## **5. Fyrirspurn**

til ríkisstjórnarinnar um framkvæmd þingsályktunar frá 5. okt. 1944, um útreikning á framleiðslutekjum þjóðarinnar.

Frá Skúla Guðmundssyni.

Hvað liður framkvæmd þingsályktunar frá 5. okt. 1944, um útreikning á framleiðslutekjum þjóðarinnar, og hvenær verða þeir útreikningar birtir?

Á s t æ ð u r .

Með þingsályktun, er afgreidd var frá sameinuðu Alþingi 5. okt. 1944, var ríkisstjórninni falið að láta reikna út tekjur þjóðarinnar af vöruframleiðslu ár hvert, og var fram tekið í ályktuninni í aðalatriðum, hvernig þessi útreikningur skyldi gerður. Í fyrsta sinn átti að gera yfirlit um framleiðslutekjurnar árin 1943 og 1944, og skyldi því lokið eigi síðar en í septembermánuði 1945, en síðan átti útreikningi teknanna að vera lokið eigi síðar en í septembermánuði ár hvert fyrir næstliðið ár.

Samkvæmt framansögðu átti fyrstu útreikningum eftir þingsályktuninni að vera lokið fyrir ári síðan, en engir slíkir reikningar hafa enn verið birtir og ekkert verið upplýst um það, hvort ályktunin hafi verið framkvæmd á réttum tíma. Til þess að fá vitneskju um þetta er fyrirspurnin fram borin.